

Kennslumyndir í Íslensku sem öðru máli

Lokaskýrsla til kennslumálanefndar

Umsækjandi: Katelin Marit Parsons

Meðumsækjandi: Védís Ragnheiðardóttir

Deild: Íslensku- og menningardeild

Markmið verkefnisins var að útbúa kennslumyndaröð og námsefni í diplómanámi í íslensku sem öðru máli. Verkefnið var unnið í samstarfi við Hlíf Unu Bárudóttur listakonu. Myndefnið og annað kennsluefni leysir úrelt efni af hólmi, eykur sýnileika margbreytileika mannlífsins og stuðlar að samþættingu jafnréttissjónarmiða í allri kennslu með nýjum mynd- og hljóðheimi sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins sem og fjölbreyttan nemendahóp námsbrautarinnar.

Framvinda

Verkefninu er nú lokið og var öllum markmiðum þess náð. Samstarfið við Hlíf Unu Bárudóttur listakonu gekk mjög vel og var allt myndefnið tilbúið fyrir upphaf vorannar 2025 eins og til stóð. Allar myndir voru strax gerðar aðgengilegar á Teams-heimasvæði kennarahópsins í diplómanámi í íslensku sem öðru máli.

Þegar verkþætti Hlífar Unu var lokið tóku umsækjendur við og unnu að gerð verkefna fyrir námskeið diplómanámsins. Sú vinna gekk mjög vel og hefur afrakstur verkefnisins nú þegar verið tekinn inn í kennslu í námsleiðinni.

Tal og tjáning I og II

Nýr glærupakki með myndefni fyrir námskeiðið Tal og tjáning II er kominn á Canvas-svæði nemenda og var tekinn í notkun í kennslu vorið 2025. Ný verkefni fyrir námskeiðið Tal og tjáning II eru sömuleiðis kominn á Canvas-svæði nemenda. Nýtt námsefni og glærupakkar fyrir námskeiðið Tal og tjáning I er komið á Canvas-svæði nemenda og hefur sömuleiðis verið tekið í notkun fyrir námskeiðið haustið 2025.

Í báðum þessum námskeiðum er lögð áhersla á að þjálfa nemendum í einföldum samskiptum á íslensku. Myndefnið nýtist einkum í að þjálfa nemendur í að lýsa daglegu lífi fólks á Íslandi í þriðju persónu en einnig í að styðja nemendur í að búa til þjónustusamræður og að lýsa eigin útliti sem og útliti annarra. Myndefni er varpað á tjald í staðkennslu eða deilt á skjá í fjarkennslu og hefur verið sérstaklega hannað með það í huga að nýtast við þessar aðstæður. Myndefnið er einnig notað í munnlegu prófunum í Tali og tjáningu I þar sem nemendur eiga að lýsa senum úr daglegu lífi í einföldu máli.

Hljóð og hlustun I og II

Myndirnar hafa einnig verið nýttar í námskeiðið Hljóð og hlustun I núna haustið 2025. Samdar voru hlustunar- og skilningsæfingar þar sem nemendur hlusta á upplestur á stuttum texta og svara fjölvalsspurningum. Myndefni er samtímis varpað á tjald (eða deilt með nemendum í nethópum). Myndefnið styður þannig nemendur við hlustunina og staðsetur þá í tíma og rúmi myndheimsins. Þetta er einkar gagnlegt fyrir þá sem eru algjörir byrjendur í málinu. Í Hljóð og hlustun II verður myndefnið að sama skapi notað sem stuðningur við hlustunar- og skilningsverkefni, bæði í tímaverkefnum og Canvas Quiz

heimaverkefnum. Í námskeiðinu gefst tækifæri til að nota jafnvel sömu myndir en með flóknari hlustunar- og skilningsverkefnum.

Orðaforði og málfræði I og II

Ný verkefni eru tilbúin fyrir námskeiðin Orðaforði og málfræði I og Orðaforði og málfræði II og eru á Teams-heimasvæði kennara. Í þeim verkefnum er þjálfun grunnorðaforða í forgrunni og myndefnið nýtist í styðja nemendur í að semja einfaldar þjónustusamræður og lýsa daglegri rútínu og útliti fólks.

Önnur hugsanleg notkun myndanna

Til skoðunar er að nota kennslumyndaröðina í stöðuprófum sem verið er að hanna.

Niðurstaða og framhald

Eins og kom fram hér að ofan tókst verkefnið með prýðum og hefur afrakstur þess nú þegar verið nýttur í kennslu í námsleiðinni. Námssefnið hefur vakið lukku meðal nemenda sem sjá sig nú speglaða í námsefninu. Verkefnið hefur einnig verið kveikja að samtali kennara um námsefni almennt og hvernig uppfæra megi það m.t.t. til fjölbreytts nemendahóps. Áfram verður unnið að uppfærslu námsefnis innan námsleiðarinnar, t.a.m. sem hluta af verkefninu *Íslenska sem annað mál: Endurskoðun námsefnis og kennsluhátta í þágu fjölbreytts, sístækkandi nemendahóps* sem hlaut styrk úr Kennslumálasjóði á árinu 2025.